

From: SÍ Ingibjörg Guðbjartsdóttir [<mailto:ingibjorg.gudbjartsdottir@sedlabanki.is>]
Sent: 15. mars 2013 13:48
To: Heimir Skarphéðinsson
Cc: Helgi Hjörvar; hafdis.olafsdottir@fjr.is
Subject: Tillögur vegna athugasemda við þingskjal 1207

Til efnahags- og viðskiptanefndar, vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 87/1992, þingskjal 1207:

Í framhaldi af símtali við Helga Hjörvar, nefndarformann, koma hér tillögur Seðlabankans sem ætlað er að koma til móts við eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um gjaldeyrismál:

1) Varðandi breytingu á 3. tl. 3. mgr. 13. gr. b sbr. i lið 1. gr. frumvarpsins:

Núverandi fyrirkomulag varðandi heimildir til fjárfestinga fyrir aflandskrónueigendur er tengt reglum sem Seðlabankinn gefur út varðandi tryggingarhæfi bréfa, sbr. reglur nr. 553/2009 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Hvaða bréf eru undir reglunum kemur fram í lista sem birtur er á heimasíðu bankans á hverjum tíma eins og reglurnar kveða á um. Í raun gætum við takmarkað fjárfestingaheimildir aflandskrónueigenda í dag, með því að breyta viðkomandi lista um tryggingarhæfi bréfa. Það er hins vegar óheppilegt að þetta hafi áhrif á hvort annað.

Með breytingunni sem er lögð til í frumvarpinu er verið að koma undanþágunni til fjárfestinga út úr greinargerð með lögum og í fasta form, þ.e. í reglugerð. Með breytingunni er lögjafinn að ákveða að allar fjárfestingar séu takmarkaðar aðrar en þær sem Seðlabankinn ákveður á hverjum tíma með reglum sínum, þannig verða reglurnar aðeins ívilnandi stjórnvaldsfyrirmæli sem veita undanþágur frá almennu banni laganna.

Rökin eru fyrst og fremst þau að slíta í sundur þessa óheppilegu tengingu við reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands og veita þessum undanþágum farveg í öðrum reglum settum af bankanum. Þá er ljóst að allar breytingar á listanum væru viðkvæmar markaðsupplýsingar.

2) Frekari afmörkun á eftirlitsheimildum

Lagt er til að afmarka eftirlitsheimildir við upplýsingar sem Seðlabankinn telur nauðsynlegar og varða gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar svo hann geti fylgst með því að starfsemi aðila sé í samræmi við ákvæði 13. gr. a – 13. gr. o, ákvæði til bráðabirgða II, ákvæði 1. mgr. 8. gr. og önnur ákvæði sem standa í tengslum við takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum.

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. o, myndi þá orðast eftirfarandi:

Skylt er, að viðlögum dagsektum skv. 15. gr. h, að veita Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar **er varða gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar** sem hann telur nauðsynlegar svo hann geti fylgst með því að starfsemi aðila sé í samræmi við ákvæði 13. gr. a – 13. gr. o, ákvæði til bráðabirgða II, ákvæði 1. mgr. 8. gr. og önnur ákvæði sem standa í tengslum við takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann sem hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

3) Skortur á tímafresti til eyðingu gagna

Lagt er til að gerður verði áskilnaður um að eyðing gagna hafi átt sér stað innan 6 mánaða eftir að takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum eru ekki lengur til staðar.

Ákvæðið 2. mgr. 13. gr. p, myndi þá orðast eftirfarandi:

Þegar takmarkanir samkvæmt ákvæði 13. gr. a – 13. gr. o, ákvæði til bráðabirgða II, ákvæði 1. mgr. 8. gr. og öðrum ákvæðum sem standa í tengslum við takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum eru ekki lengur til staðar, skal Seðlabanki Íslands eyða þeim upplýsingum sem aflað er á grundvelli 1. mgr. þessarar greinar **innan sex mánaða frá því takmarkanirnar féllu brott**. Það á þó ekki við um gögn er varða meint brot gegn lögum um gjaldeyrisráðgjaf og upplýsingar sem liggja til grundvallar niðurstöðum rannsókna á meintum brotum.

Kveðja,
Ingibjörg

Ingibjörg Guðbjartsdóttir
Director of Capital Control Surveillance Unit
Seðlabanki Íslands / Central Bank of Iceland
Gjaldeyriseftirlit / Capital Controls Surveillance Unit
Kalkofnsvegi 1 - 150 Reykjavík - Ísland / Iceland
Sími / Tel.: +354 569 9600
Netfang / E-mail: ingibjorg.gudbjartsdottir@sedlabanki.is